

154. löggjafarþing 2023–2024.
Þingskjal 654 — 467. mál.
2. umræða.

Nefndarálit

um frumvarp til laga um breytingu á lögum um veiðar
í fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 79/1997 (leyfi
til prófana á vinnslu- og veiðarfærabúnaði).

Frá atvinnuveganefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fékk á sinn fund gesti frá matvælaráðuneyti og Fiskistofu.

Nefndinni barst umsögn um málið frá Fiskistofu sem er aðgengileg á síðu málsins á vef Alþingis.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar sem heimila ráðherra að veita skipum, sem hafa annars ekki leyfi til að stunda veiðar og vinnslu í fiskveiðilandhelginni, skilyrt, takmörkuð og tímabundin leyfi til prófana á nýjum vinnslu- og veiðarfærabúnaði sem settur hefur verið í skipin hér á landi.

Nefndin telur þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu vera jákvæðar og til hagræðis fyrir þá sem hanna, setja upp og þjónusta nýjan vinnslu- og veiðarfærabúnað fyrir skip. Efni frumvarpsins snýr ekki beint að fiskveiðistjórnun heldur þjónustustarfsemi á sviði tækni og nýsköpunar. Nefndin tekur undir það mat ráðuneytisins að slík starfsemi sé mikilvægur þáttur í samkeppnishæfni Íslands og er frumvarpið því framfaraskref fyrir mikilvægan iðnað sem er nátengdur grundvallaratvinnustoð landsins.

Að framangreindu virtu leggur nefndin til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt**.

Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins en skrifar undir álitnið með heimild í 2. mgr. 29. gr. þingskapa.

Alþingi, 30. nóvember 2023.

Þórarinn Ingi Pétursson, Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir, Ásmundur Friðriksson.
form. frsm.

Berglind Harpa Svavarsdóttir. Gísli Rafn Ólafsson. Hanna Katrín Friðriksson.

Lilja Rannveig Sigurgeirsdóttir. Tómas A. Tómasson. Óli Björn Kárason.